

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR hjólhýsa-, smáhýsa- og tjaldsvæði

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rg.nr.	Uppfyllt
1.1	Skilyrði þessi gilda fyrir rekstur tjald-, smáhýsa- og hjólhýsasvæða sem ætluð eru ferðamönnum til dvalar gegn gjaldi.	1277/2016 18. gr. 941/2002 7. gr.	
1.2	Svæðið og byggingar á því skulu hafa hlotið samþykki skipulags- og byggingaryfirvalda.	941/2002 13.gr	
1.3	Þess skal sérstaklega gætt við staðsetningu að dvalargestir verði ekki fyrir utanaðkomandi ónæði og að ónæði berist ekki frá svæðinu til nálæggra íbúa.	941/2002 14.gr	
1.4	Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	941/2002 14.gr	
1.5	Upplýsingar um umsjónaraðila og neyðarnúmer 112 skulu vera sýnilegar dvalargestum, ásamt umgengnisreglum er m.a. taka til aksturs, hávaða, meðferð úrgangs o.fl.	1277/2016 23.gr.	
1.6	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	941/2002 14.gr	
1.7	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	941/2002 14.gr	

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldri starfsemi eða íbúð.	941/2002 14.gr	
2.2	Á svæðinu skal vera aðstaða til uppvotta.	941/2002 32.gr	
2.3	Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.	941/2002 14.gr	
2.4	Læst og loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.	941/2002 14.gr	
2.5	Á tjald- og hjólhýsasvæðum skal fjöldi salerna að lágmarki vera ein fullbúin snyrting fyrir 25 gesti, þar sem tekið er tillit til þarfa fatlaðs fólks. Fyrir 26-100 gesti skulu vera tvö salerni og tekið tillit til þarfa fatlaðs fólks a.m.k. varðandi annað salernið. Fyrir hverja 50 gesti umfram 100 skal vera eitt salerni.	941/2002 Fylgiskjal 2.	

	Þvagstæði geta komið að 1/3 hluta fyrir salerni karla. Fjöldi handlauga skal vera í samræmi við fjölda salerna.		
2.6	Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætt á húðbruna almenns notanda. Uppfylla skal kröfur um öryggi vatns í samræmi við 14.5.10. gr. byggingarreglugerðar.	941/2002 14.gr.	
2.7	Á svæðinu eða í námunda þess skal vera aðstaða til að tæma og hreinsa ferðasalerni. Rekstraraðili skal veita upplýsingar um og vísa á aðstöðuna.	32 gr. 941/2002	

3. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Rekstraraðili skal sjá um að umgengni sé góð og svæðinu haldið snyrtilegu.	941/2002 14.gr.	
3.2	Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.	941/2002 14.gr	
3.3	Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustubók eða samsvarandi leiðbeiningar skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	941/2002	
3.4	Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir, eftir því sem við á.	Lög nr. 6/2002	

4. Smáhýsi

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Smáhýsi eru varanleg jarðföst hús notuð til gistingar, án salernis eða eldunaraðstöðu.		
4.2	Ef rúmstæði eru í húsinu skulu þau vera eigi minni en 90x200 cm að stærð. Kojur skulu vera skv. staðli ÍST EN 747-1:1993.		

5. Leikvallatæki og leiksvæði

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Um leikvallatæki og leiksvæði gildir reglug. nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.	Rg. 942/2002	

6. UMHVERFISMÁL

		Rgl.nr.	Uppfyllt
6.1	Aðkoma og lóð skal vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	941/2002 14. og 18.gr.	
6.2	Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og flokka úrgang til endurvinnslu samkvæmt reglum viðkomandi sveitarfélags. Spilliefnum skal komið til viðurkenndra móttökustöðva.	Rg. 737/2003 og rg. 806/1999	
6.3	Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp.	798/2002	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.br.
- Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, m.s.br.
- Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, m.s.br.
- Efnalög nr. 61/2013 og reglugerðum sem á þeim byggja.
- Reglugerð um spilliefni nr 806/1999 breytt með reglugerð nr. 169/2002.
- Reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.
- Lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.
- Lögum nr. 93/1995 um matvæli.
- Reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.
- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, m.s.br.
- Lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- Reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012 m.s.br.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

Reykjavík 26.07.2017

-----
Kristín Linda Árnadóttir